

Skipulagsfulltrúi uppsveita Árnassýslu
Dalbraut 12
840 Laugarvatn



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík 29. apríl 2017
UST201702-056/K.S.J.
10.04.02

Efni: Hrunamannahreppur, tillaga að aðalskipulagi Hrunamannahrepps 2016 - 2032

Vísað er til erindis skipulagsfulltrúa Uppsveita Árnassýslu er barst 6. febrúar sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að aðalskipulagi Hrunamannahrepps 2016 – 2032.

Efnistaka

Umhverfisstofnun bendir á að í ritinu *Velferð til framtíðar, sjálfbær þróun í íslensku samfélagi*, kemur fram að æskilegt er talið, að nám jarðefna fari fram á tiltölulega fáum afmörkuðum námasvæðum. Einnig kemur fram það álit að fáar og stórar námur hafa minni neikvæð sjónræn áhrif í för með sér en margar litlar. Að mati stofnunarinnar þarf einnig að hafa þessi sjónarmið í huga varðandi efnistöku og vegalengd að framkvæmdastað.

Varðandi efnistöku úr árfarvegum þar sem veiði er stunduð þarf að fá leyfi Fiskistofu auk þess að vera í samráði við viðkomandi veiðifélög.

Í stefnu um efnistöku í tillögunni kemur fram að gerð er krafa um góða umgengni, skipulögð vinnubrögð og snyrtilegan frágang að lokinni vinnslu. Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að gengið sé jafnóðum frá svæðum innan stórra námasvæði. Sem dæmi má nefna námuna í Núpstúni, en til að lámarka neikvæð sjónræn áhrif er mikilvægt að gengið sé frá svæðum jafnóðum. Í umhverfisskýrslu kemur fram rökstuðningur fyrir því að áætlaðar eru margar smáar námur í afrétti. Að mati Umhverfisstofnunar er það ásættanlegt ef námur eru hreinlega í vegstæðinu sjálfu. Stofnunin bendir hins vegar á að ef kroppað er í hvern hól meðfram vegarstæði þá hljótast neikvæð sjónræn áhrif.

Varúðarsvæði

Skv. gr. 6.2. í skipulagsreglugerð nr. 90/2013 er svæða í biðflokki getið undir þessum lið. Í greinargerð kemur fram að tveir virkjanakostir Búðartunguvirkjun og Haukholtsvirkjun í Hrunamannahreppi eru í biðflokki. Í rammaáætlun kemur fram að í biðflokki eru virkjanakostir sem ekki er hægt að taka afstöðu til vegna þess að ekki eru nægar upplýsingar um kostina. Umhverfisstofnun bendir á að áætlað er að göng Búðartunguvirkjunar endi skömmu fyrir ofan Gullfoss. Umhverfisstofnun mun taka afstöðu til

kostanna þegar nánari upplýsingar um þá liggja fyrir, en telur afar ólíklegt að slíkir kostir verði fyrir valinu vegna staðsetningar þeirra.

Svæði á náttúruminjaskrá

Í greinargerð kemur fram að 1 km breið spilda af austurbakka Hvítárgljúfurs frá Þorsteinshöfða að Háöldu við Tungufell er á náttúruminjaskrá. Einnig kemur fram það markmið að unnið verður að frekari verndun á austurbakka Hvítár við Gullfoss og gert ráð fyrir bættu aðgengi að fossinum.

Umhverfisstofnun tekur undir þetta og bendir á mikilvægi þess að samvinna sé um svæðin beggja vegna Hvítárgljúfurs.

Hverfisvernd

Umhverfisstofnun tekur undir stefnu greinargerðar tillögunnar um hverfisverndarsvæði. Að mati Umhverfisstofnunar er mikilvægt að vinna að framtíðarstefnu fyrir þessi mikilvægu náttúruminjasvæði.

Umhverfisskýrsla

Uppbyggðir vegir

Í umhverfisskýrslu er fullyrt að uppbyggðir vegir dragi úr eða komi í veg fyrir utanvegaakstur. Að mati Umhverfisstofnunar skortir rökstuðning fyrir þessari fullyrðingu, þ.e. á hvern hátt uppbyggðir vegir dragi úr utanvegaakstri. Einnig þyrfti að mati stofnunarinnar að skýra nánar hvað sé meint með uppbyggðum vegum, er átt við góða sumarvegi eða er átt við uppbyggða vetrarvegi. Stofnunin bendir á að í umræðum í skýrslunni bls. 50 kemur fram að ekki liggi fyrir skilgreining á því hvað telst vera uppbyggður vegur.

Að mati Umhverfisstofnunar þarf gerð vega á hálendi að vera þannig að ekki komi til skerðinga víðerna af þeirra völdum.

Stakar byggingar/framkvæmdir

Í greinargerð kemur fram að á undanförunum árum hefur verið eftirspurn eftir því að byggja stök mannvirki s.s. þjónustuhús, örvirkjanir og þjónustuhús. Einnig kemur fram að heimilt er að ráðast í stakar framkvæmdir án þess að skilgreina sérstaka landnotkun í aðalskipulagi. Einnig kemur fram að í óbyggðum verði heimilt að undangengnu deiliskipulagi, grenndarkynningu eða eftir atvikum framkvæmdaleyfi að byggja stök mannvirki án þess að að breyta þurfi aðalskipulagi. Að mati Umhverfisstofnunar er mikilvægt að framkvæmdir verði deiliskipulagðar og að áætlanir fari til umsagnar til Umhverfisstofnunar þegar um framkvæmdir á hálendi er að ræða. Að mati Umhverfisstofnunar er mikilvægt að slík hús rísi ekki of þétt t.d. á hálendinu. Í tillögunni er gert ráð fyrir að m.a. þjónustuhús og kynningarastaða verði meðal þess sem heimilt verði að útbúa og að þar verði leyft að setja upp upplýsingaskilti og byggja allt að 20 m² þjónustuhús sem geti verið snyrtiaðstaða, og/eða aðstaða fyrir eftirlitsaðila. Að mati Umhverfisstofnunar þurfa slíkar framkvæmdir að vera afturkræfar, og stofnunin telur mikilvægt er að sveitarfélagið hafi yfirsýn yfir slíkar framkvæmdir á hálendinu.

Umhverfisstofnun tekur undir mikilvægi umhverfisvænnar orku. Varðandi vindrafstöðvar þá telur Umhverfisstofnun að gagnlegt væri fyrir sveitarfélagið að skilgreina landslag eða útsýni þar sem síður


væri talið æskilegt að staðsetja vindmyllur. Varðandi vindmyllugarða þá telur Umhverfisstofnun að frekar en að hvert sveitarfélag ákveði að staðsetja vindmyllur hvert í sínu sveitarfélagi eigi frekar að líta til landsins í heild og velja svæði sem henta slíkri raforkuframleiðslu og þar sem hægt er að koma fyrir mörgum vindmyllum í stað þess að dreifa þeim um land allt.


Samgöngur

Umhverfisstofnun tekur undir stefnu varðandi samgöngur, sérstaklega áherslu sem lögð er á grænar samgöngur og almenningssamgöngur. Stofnunin bendir á að mikilvægt er hugað verði að hleðslustöðvum fyrir rafmagnsbíla í sveitarfélaginu.

Beðist er velvirðingar á hve langan tíma hefur tekið að svara erindinu.

Virðingarfyllt


Kristín S Jónsdóttir
Sérfræðingur


Aðalbjörg B Guttormsdóttir
Teymisstjóri